

Stjórnarfundur STEFs 11. ágúst 2022 — Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs fimmtudaginn 11. ágúst 2022 og hófst hann kl. 10:00.

Fundarmenn: Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Hallur Ingólfsson, Sigríður Thorlacius, Sigurður Flosason og Eyþór Gunnarsson. Þá mættu varamennirnir Snorri Helgason fyrir Braga Valdimar Skúlason og Páll Ragnar Pálsson fyrir Þuríði Jónsdóttur. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerðir stjórnarfundna frá 20. og 30. maí, svo og útdráttur úr fundargerðum, voru lagðar fram og samþykktar.
2. Fundargerð fulltrúaráðsfundar frá 25. maí var lögð fram til upplýsingar. Engar athugasemdir komu fram.
3. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundu lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

1. Fréttabréf STEFs – júní 2022.
2. Svör STEFs við spurningum um innleiðingu DSM-tilskipunar.
3. Study – Streaming Market – GESAC.

Undir síðasta liðnum var rætt um að kynna niðurstöður skýrslunnar fyrir félagsmönnum þegar hún verður birt opinberlega, auk þess að leitast við að fá umfjöllun um hana í fjölmiðlum.

4. Þjónustukönnun STEFs – niðurstöður voru kynntar.

Þátttaka í könnuninni hefði mátt vera meiri, en hún var töluvert lakari en fyrir tveimur árum. Hugsanlega hefur tímasetning hennar (um sumar) haft áhrif á þátttökuna. Þá var einnig athyglisvert að svör bárust einkum frá meðlimum STEFs í eldri aldurshópum, sem gerir hana ómarktæka að ákveðnu marki.

Í heild sýnir könnunin mikla ánægju með þjónustu skrifstofunnar og er hún markvert betri en fyrir tveimur árum. Þá sýnir hún einnig mikla notkun á *Mínum síðum*, sem almenn ánægja er með og að þessi þjónusta hefur að nokkru leyti minnkað álag á skrifstofu STEFs í formi tölvupósta, símtala og heimsóknna á skrifstofuna. Fjölmargar ábendingar bárust um ýmislegt sem gera má betur og mun það verða skoðað sérstaklega af skrifstofu STEFs. Rætt var um að stjórn myndi skoða sérstaklega *Mínar síður* fyrir næsta stjórnarfund, með það að markmiði að leggja fram tillögur að hugsanlegum úrbótum, en flestar athugasemdir voru of almenns eðlis til að hægt væri að vinna úr þeim.

Í tengslum við þjónustukönnunina varð nokkur umræða um styrki til nýliða, en nokkrir svarendur bentu á nauðsyn slíkra styrkja. Slíkir styrkir hafa þó verið við lýði hjá bæði *Nótnasjóði* og *Upptökusjóði* STEFs í um tvö ár nú og hefur aðsókn í þá aukist mjög. Í dag er viðmið þessara sjóða að veita allt að 10% úthlutunarfjárhæðar í nýliðastyrki og hefur það svigrúm verið nýtt að fullu. Skiptar skoðanir voru

um það innan stjórnarinnar hvort þetta væri of hátt hlutfall eða of lágt, en niðurstaða umræðunnar varð að gera engar breytingar á þessu hlutfalli að svo stöddu.

Þá var nokkuð rætt um tíðni úthlutana, en könnunin sýnir að um 25% meðlima vilja tíðari úthlutanir. Í því sambandi var því fleygt fram, að aldursdreifing svarenda hafi haft þar áhrif. Stjórnin var einhuga í því að STEF eigi að stefna að tíðari úthlutunum eftir því sem hægt er.

Ýmis svör úr könnuninni sýna einnig að marga meðlimi STEFs skortir grundvallarskilning á eðli starfsemi STEFs og hversu nauðsynlegt er að bjóða ávallt upp á fræðslu um starfsemina.

5. Heimasíða STEFs – tilboð var lagt fram í að gera heimasíðuna notendavænni og um leið snjallsímavænni. Var samþykkt að ganga að tilboðinu.
6. Tónlistarmiðstöð – aðkoma STEFs í formi rekstrarfjár og tilnefning stjórnarmanns.

Framkvæmdastjóri kynnti gang undirbúning stofnunar miðstöðvarinnar eftir samtöl við verkefnisstjóra hennar. STEF mun fá einn stjórnarmann, en því stjórnarsæti munu fylgja kvaðir um stofnframlag og rekstrarframlag. Nokkur umræða urðu um málið og kom það sjónarmið fram að það væri skrýtið að stofnun, sem ríkið væri að stofna, færi fram á rekstrarframlög hagsmunaaðila.

Stefnt er að því að ákvörðun um tilnefningu STEFs í stjórnina verði tekin á næsta stjórnarfundi.

7. Stórverkasjóður – undirbúningur að stofnun.

Skipað var í undirbúningsnefnd og er stefnt að því að hún skili af sér tillögum að úthlutunarreglum fyrir næsta stjórnarfund. Í nefndinni munu sitja Sigurður Flosason, Þórunn Gréta Sigurðardóttir og Óttarr Proppé.

8. Úthlutun fyrir bakgrunnstónlist – til ákvörðunar.

Lagt var fram minnisblað, sem byggt var á tillögum skrifstofu STEFs til stjórnar frá því janúar 2022. Í millitíðinni voru nýjar úthlutunarreglur samþykktar af fulltrúaráði, sem gera ráð fyrir því að stjórn taki ákvörðun um úthlutun bakgrunnstónlistar, að því marki sem ekki berast upplýsingar um tónlistarnotkun frá viðskiptavinum. Tillagan sem er eftirfarandi var samþykkt:

- a) Útvarpsspilun 20%.
- b) Streymi (úthlutun frá NMP) 40%.
- c) B2B streymi á Íslandi 40%.

Lagalistar frá *Megafone*, *Atmoselect* og *PlayNetwork* og hlutfall þeirra innbyrðis miðist við þær tekjur sem þessi fyrirtæki skila til STEFs, svo og tekjur viðskiptavina þeirra – þetta hlutfall verði uppfært reglulega.

Þetta þýðir að áfram verður úthlutað fyrir bakgrunnstónlist skv. lagalistum frá t.d. leikhúsum og *Icelandair*, svo og á grundvelli spilunarlista B2B streymisveita á þeim tekjum sem koma inn frá þeim stöðum sem vitað er að eru að nota slíka spilunarlista. Er það einungis í þeim tilvikum sem ekki berast slíkar upplýsingar sem að miðað verði við ofangreinda reglu.

Á heimasíðu STEFs verður kynnt, að tekið verði við lagalistum vegna bakgrunnstónlistar frá viðskiptavinum á tilteknu formi og úthlutað skv. þeim, en skrifstofa STEFs myndi ekki hafa frumkvæði að öflun slíkra lagalista. Útbúið yrði sérstakt svæði á heimasíðu STEFs vegna þessa. (Ef sú staða kæmi upp að fjöldi þessara lagalista yrði mikill verður að endurskoða þetta vinnulag).

9. Verðskrá – íþróttastarfsemi – til ákvörðunar.

Lögð eru fram drög að nýrri verðskrá STEFs fyrir íþróttastarfsemi. Var hún samþykkt og skrifstofu STEFs veitt það svigrúm að gera smávægilegar breytingar á verðum ef nauðsyn krefur í ljósi reynslunnar af verðskránni. Verður verðskráin birt á heimasíðu STEFs.

Í stuttu máli gengur verðskráin út á að íþróttasársambönd greiði fyrir notkun tónlistar á kappleikjum og mótum, þ.m.t. landsleikjum sem þau halda, en íþróttafélög greiði fyrir notkun tónlistar í sinni starfsemi. Ekki skiptir máli hvort íþróttafélagið sjálft eigi völlinn eða sveitarfélagið, allt að einu sé það íþróttafélagið sem ber ábyrgð á tónlistarnotkuninni og samningi við STEF. Er íþróttasamböndum og félögum skipt í tvo flokka skv. verðskránni, eftir því hvort tónlist sé hluti af viðkomandi íþróttagrein, þ.e.a.s. hvort tónlist sé venjulega spiluð undir keppni í viðkomandi grein. Miðast verðskrá íþróttasambanda við meðaltal fjölda áhorfenda og móta/leikja á ári, en verðskrá íþróttafélaga við fjölda iðkenda.

Athygli er vakin á að sérstök verðskrá gildi um staka íþróttaviðburði, sem þá oftast eru haldnir af öðrum aðilum en íþróttafélögum s.s. eins og almenningshlaup, svo og gildir um starfsemi líkamsræktarstöðva og dansskóla.

Verðskráin var samþykkt.

10. IHM – uppgjör og úthlutun

Lagt var fram:

1. IHM – Gerðardómur – uppgjör 2016-2021.

Samkvæmt uppgjörinu, sem unnið var af endurskoðanda í kjölfar gerðardómsins um skiptingu tekna fyrir eintakagerð til einkanota, hefur STEF fengið ofgreitt á þessu tímabili um 15 millj. Króna, sem hafa verið endurgreiddar til IHM.

2. IHM – Sátt við Símann – uppgjör 2009-2021.

Samkvæmt uppgjörinu, sem unnið var af endurskoðanda í kjölfar undirritunar sáttar IHM við Símann og greiðslu Símans í kjölfarið, fær STEF umtalverða fjárhæð í sinn hlut vegna rangra uppgjöra Símans á ofangreindu tímabili.

Ákveðið var að taka af þessari greiðslu þær 15 millj. sem STEF hefur endurgreitt IHM vegna gerðardómsins og sveiflujafna þannig úthlutanir STEFs vegna eintakagerðar til einkanota frá IHM. Afgangur fjárens verður færður í verðbréfasjóð STEFs og mun þannig styrkja höfuðstól *Ferðasjóðs*, en ávöxtun hans er nýtt til úthlutunar úr sjóðnum.

11. Farið yfir nefndir og ráð sem STEF tilnefnir í.

Lagt var fram yfirlit, sem ekki var gerð athugasemd við að öðru leyti en að ákveðið var með hliðsjón af nýrri stjórn KÍTÓN, að endurskipa í jafnréttisnefnd STEFs. Haft verður samband við stjórn KÍTÓN um að leggja til tvo fulltrúa í nefndina auk þess sem þeir Snorri Helgason og Páll R. Pálsson munu skipa nefndina.

12. Önnur mál.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:15.